



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Austurborg

2025– 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	5
3	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	7
4	Innra mat xxx deildar/deilda 2024-2025 (Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs).....	10
5	Umbótaáætlun 2024-2025 (takið afrit af töflunni fyrir hvern umbótaþátt)	13
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.	19
7	Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvastutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans.....	19
8	Foreldrasamvinna	19
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	19
10	Fylgiskjöl	20





1 Greinargerð leikskólastjóra

Í leikskólanum Austurborg var ýmislegt brasað í ár.

Tveir starfsmenn voru í námi til leikskólakennara, ein í master og annar nemandi að byrja á grunnnámi.

Talsvert var um langtímaveikindi en þegar þetta er ritað eru þrír starfsmenn í langtímaveikindum og þar á meðal leikskólastjórinn og annar sérkennslustjórinn. Talsvert hefur því þurft að hreyfa við starfsfólki og rót verið óvenju mikið þennan veturinn en þó tekist vel til á mörgum sviðum.

Árlega haustfundinn héldum við með foreldrum í ágúst og kynntum við starf Austurborgar þar og okkar helstu áherslur.

Aðalfundur foreldrafélagsins var síðan í október og nýr aðili var tekinn inn í foreldraráðið.

Þegar haustið byrjaði var sérkennslan mjög fámenn hjá okkur. Tveir starfsmenn skiptu milli sín sérkennslustjórastöðunni, einn starfsmaður sá um snemmtæka íhlutun og ein staða var veitt í eitt barn. Fjöldi sérkennslubarna jókst yfir veturinn og eru núna þrjú stöðugildi ásamt snemmtæku íhlutuninni.

Veikindatíðnin í haust þegar kom að skammtímaveikindum var óvenju há og þurftum við tvo eða þrjá daga að loka leikskólanum vegna manneklu. Í haust vorum við samkvæmt öllum mönnunar tölum rétt mönnuð en sökum veikinda og styttingar vinnuvikunnar lentum við þess vegna í því að þurfa að grípa til faliðunar. Við leyfðum okkur í neyð að teygja okkur rétt tæpum starfsmanni yfir og hefur mönnun gengið talsvert betur síðan og lítið verið um faliðun ef frá er talinn einn dagur í vor þegar voru 10 starfsmenn fjarverandi sama daginn í 30 starfsmanna hópi.

Starfsdagarnir voru nýttir á ýmsan hátt. Tveim var klínt sitthvoru megin við uppstigningardag og land var lagt undir fót en við fórum til Alicante, skoðuðum tvo skóla og fengum námskeið um tilfinningar barna og hvernig tilfinningarnar hafa áhrif á ákvarðanatöku og ýmislegt annað hjá þeim. Starfsdagar voru nýttir til að samræma störf deilda, undirbúa foreldraviðtöl og einnig var haldinn kvöldfundur þar sem starfsmenn og stjórnendur komust að samkomulagi um fyrirkomulag styttinga. Einnig var tekið skyndihjálparnámskeið en mikilvægt er að gera það reglulega.

Við erum búin í samstarfi við Kristínu Einars hjá Leikur að Læra að sækja um styrk hjá Erasmus til að flytja út boðskap Leikur að Læra aðferðarinnar og erum við spennt fyrir því á komandi ári.

Helgileikurinn sem hefur verið fluttur hjá nágrönnum okkar í Grensáskirkju var öðruvísi þetta árið. Í raun og veru voru þetta léttir jólatónleikar þar sem við sungum jólalög eftir Baggalút og fleiri skemmtileg lög.

Vegna langtímaveikinda í húsi var verkefnastjóri, sem var staða innan hús sem hægt var að halda út vegna 5. deildarstjórans nýttur sem afleysing. Sökum þess náðist ekki að tengja eins vel á milli deilda og markmiðið var.





Starfsmannafélag skólans er virkt, sem er mikilvægt fyrir starfsandann. Félagið sér um að halda reglulega viðburði í skólanum eins og t.d. bíómyndakvöld, Pub Quiz (barsvar), jólagleði, pílukvöld og haldnar grillveisur. Einnig eru hópar að hittast reglulega til að spila og fleira. Það er dýrmætt og mikilvægt að hafa virkt starfsmannafélag með skemmtinefnd sem er öflug að setja inn alls kyns viðburði sem eru í boði fyrir alla að taka þátt í. Það styrkir hópinn mikið og eflir hann félagslega. Okkur finnst það skila sér svo áfram í daglegu starfi, samskiptum á milli starfsfólks og ekki síst í kringum börnin. Þau skynja vináttu og virðingu starfsfélaga og er það þeim góð fyrirmynd.

Starfsmannaviðtöl gengu mun hægar en ráðgert hafi verið vegna þess að í raun var farið of seint í þau. Deildarstjórar voru kláraðir og svo tekinn einn og einn starfsmaður og er þeim ekki lokið þegar þetta er ritað 23. Maí. Þeir sem rætt var við voru þó glaðir þrátt fyrir langan og strangan vetur enda gekk ýmislegt vel og alla jafna var gaman hjá okkur.

Margt jákvætt var þó í niðurstöðum úr könnuninni stofnun ársins. Ljóst var þó að starfsaðstæður má bæta, þá sérstaklega með tilliti til hljóðvistar og síðan verður farið í úrbótaáætlun og kortlagt hvað þarf að laga en líklegt er að tölvu og tækja búnaður sé ofarlega á þeim lista ásamt aðstöðu í undirbúningsherbergi kennara.

Fyrir hönd leikskólans,

Ísleifur Örn Garðarsson, starfandi Leikskólastjóri





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Innra mat (töfluna má fjölfalda fyrir hvern matsþátt)

Hvað var metið?	Starfsánægja
Hvernig fór matið fram?	Starfsmannaviðtöl
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsmenn
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Starfsmönnum líður almennt mjög vel í vinnunni. Þeim finnst þeir fá tækifæri til að nýta styrkleika sína í starfi. Mikið er lagt upp úr að hrista starfsmannahópinn saman og það hefur reynst mjög vel. Hópurinn er fjölbreyttur dreifður aldur, mismunandi persónur og kyn. Samheldinn hópur sem er duglegur að hittast líka fyrir utan vinnu og gera skemmtilega hluti saman. Það er mikill styrkur að hafa samheldinn starfsmannahóp og einnig er gott að hafa hann svona fjölbreyttan. Við leggjum áherslu áfram á að reyna að hafa fjölbreyttan hóp starfsmanna.

Hvað var metið?	barnamenningin
Hvernig fór matið fram?	xx
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Foreldrar, börn og starfsmenn
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Við tókum þátt í Barnamenningarhátíðinni eins og áður. Börnin fengu reglulegar stundir þar sem þau æfðu þau sönglög sem tilheyrðu hátíðinni og áfram unnið með þemað í hópastarfi og samverustundum. Úr varð stórt og skemmtilegt verkefni þar sem lokapunkturinn var á Barnamenningarhátíðinni sjálfri í Hörpu.





	Starfsmenn, börn og foreldrar hafa verið mjög ánægðir og stoltir af börnunum í þessu verkefni. Þessu verkefni fylgir mikil vinna og það er mikilvægt að það náist að gefa rými fyrir undirbúning, æfingar og þá vinnu sem fylgir þessu skemmtilega verkefni.
--	--

Ytra mat

Hvað var metið?	Aðbúnaður starfsfólks
Hvernig fór matið fram?	Spurningalisti í könnuninni Stofnun ársins
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsmenn
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Starfsaðstæður þykja frekar daprar. Aðbúnaður er ekki eins og best yrði á kosið. Tækjabúnaður orðinn aldraður og jafnvel úreltur, tölvuskjáið frekar gamlir, tölvustólar gamlir og aðstaða gömul og úr sér genginn. Búið er að setja ný lyklaborð og komnir nýir tölvustólar, en margt sem enn mætti laga. Skápar hafa verið endurnýjaðir en þó samt nokkrir skápar sem enn má skipta út






3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Þeir þættir sem eru metnir yfir allan leikskólann í heild sinni. Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna .

Einnig skal taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Leikur að læra
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Ná meiri festu í foreldraverkefni
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Búið er að ráða starfsmann haust 2025 sem fer á milli deilda og kennir börnum og starfsfólki
Ábyrgð	Sami aðili
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst 1. september til maí loka
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á skipulagsdögum haust og vor Spurningar/viðtal við börnin
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Huglægt mat





Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat

Umbótaþáttur/matsþáttur(t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Vinnuskilyrði skorar neðar en flestir þættir hjá okkur og það er eitthvað sem við getum haft áhrif á, ólíkt launakjörunum
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Farið verður í það með starfsfólki í haust að skrá hvað er hægt að betrumbæta
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Búið er að endurnýja einhverja skápa, til að fegra aðstöðu. Ný heyrnatól til að hægt sé að vinna í friði inni í undirbúningsherbergi og fengum nýja skrifborðsstóla. einnig langar okkur að fá betri hirslur undir leikföng og efnivið en það að hafa snyrtilegt og huggulegt í kringum sig bætir að sjálfsögðu vinnuskilyrði
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst 1. september til maí loka
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Setjum upp lista af því sem þarf að gera og sjáum hvernig okkur gengur að tækla það sem þarf.





Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	
--	--

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Niðurstöður úr foreldrakönnun
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Viðhorf foreldra var almennt mjög gott en þættir sem foreldrar komu inná sem við viljum skoða. T.a.m. sýnileiki stjórnenda (tímabundin stjórnendaskipti þó núna) of mikið sjónvarpsgláp í lok dags sem við viljum alveg taka fyrir
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Bæta sýnileika stjórnenda. Stoppa sjónvarpsgláp í lok dags
Ábyrgð	Stjórnendur og deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í september og lýkur vonandi aldrei
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Sjáum niðurstöður næstu könnunar





4 Innra mat 2024-2025

Bangsaland/aldur barna 2021 og 2022	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Barn vikunnar og afmæli barna. Leikur að læra Lubbi Vinátta Skapandi starf
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Minna nýja foreldra á að börn mega koma með ávexti þegar þau eiga afmæli. Að vera með einhvern sem ber ábyrgð á afmælisblaði í glugga, fána kórónu, barn vikunnar blaði og Lúlla bangsa. Leikur að læra fór hægt í gang það var mikið rót á deildinni og manna breytingar. Mikilvægt að koma þeim starfsmanni sem ber ábyrgð á því í undirbúning. Lubbi: það má halda áfram að vinna í Lubba kössunum. Vantar enn þá nokkur máhljóð og fleiri orð í suma kassa. Vinátta gekk vel. Skapandi starf. Bara huga betur að frágangi og gefa starfsmanni tíma í það svo deildin líti betur út.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hafa ábyrgðar aðila á öllum verkefnum svo það gleymist ekki. Afmæli barna: (ávextir, kóróna afmælisblað í glugga). Barn vikunnar: (Lúlli heim, ljósrita í ferilmöppu og blað í hólfi. Fara reglulega yfir á deildarfundum hvernig gengur. Lesi í gegnum starfsáætlun á deildarfundum annan hvern mánuð til að fara yfir hvernig gengur erum við að fylgja starfsáætlun.



Ábyrgð	Starfsmenn deildar. Deildastjóri úthlutar í samvinnu við deildarstarfsmenn.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allan veturinn. September-maí.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Tekið upp á Deildarfundum til að athuga hvernig gengur.

Styrkleikar

Það virkaði mjög vel að tala um reglur við börnin þannig að það sé lagt áherslu á það sem á að gera. Ekki það sem á ekki að gera. Þannig náðum við betur til þeirra of það varð skýrari rammi.

Allt skapandi starf gekk rosalega vel. Einn veggur inn á deild notaður í mismunandi þemu. Sumar, páska, jól og svo framvegis. Það kom mjög skemmtilega út.



Lubbi

Var tekin í samveru. Stundum allur hópurinn og stundum var hópnum skipt til helminga. Stundir gengur rosalega vel og börnin mjög áhugasöm. Í Lubba kössunum er mikið af orðum sem eru ekkert endilega notuð í daglegu tali og læra börnin því mikið af nýjum orðum. Í lok stundar förum við aftur yfir orðin til að leggja þau betur á minnið.

Vináttu verkefnið

Var tekið megnið af vetrinum og gott að grípa í það þegar það kom ágreiningur í barnahópnum. Verkefnið var tekið í hádegis samveru með hálfum hópi í einu. Við fjölluðum um myndirnar og það sköpuðust umræður út frá þeim. Svo unnum við mikið með lögin líka.



Þemadagar

Þemadagar gengu mjög vel og starfsfólk tók virkan þátt í þeim. Alltaf gaman að brjóta aðeins upp daginn og gera eitthvað öðruvísi. Einn dagur var Astrid Lindgren dagur sem varð í raun að viku þema og varð mjög skemmtilegt að gera það. Sögupersónur kynntar og sögur Astridar lesnar alla vikuna. Gaman að láta þemað flæða út alla vikuna og væri gaman að gera meira af þessu á næsta ári.

Leikur að læra

Leikur að læra var lengi í gang en gekk vel þegar það komst í gang.

Foreldra verkefnið gengu rosalega vel og starfsmaður sem bar ábyrgð á því mjög duglegur að minna foreldra á.

Tækifæri til umbóta.

Við röðun starfsfólks á haustinn væri gott að reyna að hafa einn starfsmann áfram á hverri deild svo það sé einhver sem þekki til á deildinni og að gefa örlítið meiri tíma í aðlögun milli deilda. Það einfaldar aðlögun og haustið í heild. Haustið gekk brösulega þar sem allir starfsmenn voru nýir á þessari deild og við þekktum börnin lítið. Einnig var aðlögunin tekin á einum degi þar sem allt starfsfólk og börn færðust á milli deilda sama dag það skapaði of mikið óþarfa álag. Þurfum að gefa þessu örlítið lengri tíma og að starfsfólk og börn flytjist ekki öll á sama degi.

Að einhver starfsmaður beri ábyrgð á öllum verkefnum sem þarf að sinna.

Deildarfundir mættu vera reglulegri jafnvel aðra hvora viku og þyrftu jafnvel þá ekki alltaf að vera 1 klst. í senn. Þó það sé ekkert sérstakt sem þarf að ræða er gott að bara fara yfir hvernig gengur er eitthvað sem mætti gera betur, breyta eða laga.





Vinna með reglur deildarinnar með börnunum strax um haustið. Gera saman Deildar sáttmála. Tala frekar um það sem á að gera en ekki um það sem á ekki að gera.

Leikur að læra Var lengi í gang og það þarf að passa það sérstaklega vel að koma starfsmanni sem ber ábyrgð á því í undirbúning.

Umbótaáætlun deilda 2025-2026. Hér er fjallað um öll börn leikskólans og þeirra nám og áherslur t. d. menntastefna, skólanámskrá leikskóla. **Matið skal taka mið af fjölbreyttum barna hópi, börnum með stuðning, og áherslum leikskólans.**

Lagt er til að umbótaáætlun sé gerð fyrir yngri og eldri börn í samvinnu deilda

5 Umbótaáætlun 2024-2025

Deild/aldur barna Putaland/aldur 1 árs til og með í lok vetrar 3 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Unnið með árstíðarbundin þemu svo sem haustið og árstíðir. Grunnhugmyndir eins og litir og dýr. Haldið í hefðir og gildi leikskólans. Mikið unni út frá verkefnum í myndlistinni og sett upp til sýningar. Í leik að læra útfært í gegnum hreyfingu og að gera og setja hlut/dýr/staf í pörun.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin aðlagist deildinni og líði vel og verði tilbúin til að vinna í litlum hópum að þematengdum verkefnum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að vinna við að samstillta starfshópin til að vinna samhent að þeim verkefnum sem ákveðin verða.
Ábyrgð	Mikilvægt að deila ábyrgð á alla skipta niður verkefnum
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skipulag miðast við vetrarstarfið og svo tekur við sumardagskrá





Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Deildarfundir þar sem sett eru markmið og lagðar línu í starfi vetrarins. Starfsdagar þar sem umræður skapast um það sem mætti vinna með.
--	---

Byrjun vetrar gekk ekki sem skildi og mikið um manna breytingar. Staðan í dag er öllu betri og starfsmanna hópurinn vinnur vel saman núna. Við mættum vera duglegri við að hafa deildarfundir og helst að setja þá niður fast í samráði með Bangsalandi. Við byrjuðum með haustverkefni þar sem við notuðum laufblöð til að fylla upp í stafinn sinn og síðan voru skýja verkefni krumma verkefni stjörnu verkefni og jóla, páska og þannig árstíðarbundin vinna.

Ólátagarður: 22 börn fædd árið 2020 og 3 fædd 2021	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Leikur að læra, vináttuverkefni Barnaheilla, Lubbi finnur málbein, vísindi, listsköpun, barn vikunnar, íþróttir, söngæfing, vinna með tilfinningar og leikskólaheimsóknir.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Bæta samskipti innan deildarinnar, betra upplýsingaflæði milli starfsfólks. Við verðum að setja markmið á að hafa fast LAL-foreldraverkefni vikulega. Gefðu 10 verkefnið: það verður að vera sýnilegra inni á deild og markvissara.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Deildarstjórinn þarf að samhæfa skólastarfið, á að setja skýrari markmið niður í verkefnalýsingu dagsins, festa verkefni við vaktir og leggja áherslu á mikilvægi skráninganna svo að fólkið missi ekki yfirsýn á verkefnunum





	sem voru sett fyrir þann dag /vikuna. Hafa fundagerði af deildafundum aðgengilegra. Mikilvægt er að passa að allt starfsfólk sé að fara vikulega í undirbúning, til að skipuleggja kennslustarfið, taka endurmenntunarnámskeið (t.d. hjá Torginu - stafrænt fræðslukerfi Reykjavíkurborgar), til að samhæfa við aðra kennara og meira.
Ábyrgð	Deildarstjórinn ber ábyrgð og þarf að samhæfa skólastarfið; hann sér um að deila ábyrgð verkefna á starfsfólkið. Hver og einn ber svo ábyrgð á því að sitt verkefni sé framkvæmt.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September - maí
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Deildarfundir þar sem verkefnin eru metin og endurskoðuð. Mikilvægt er að setja markmið fyrir allt starf vetrarins, fara yfir og laga starfsáætlun reglulega.

Ólátagarður er næstelsta deildin á Austurborg. Aðaláherslur Ólátagarðs hafa verið að hjálpa börnunum að vera vinir og hluti af hópnum, æfa sig að hlusta á og virða aðra og gefa öllum tækifæri til að tjá sig. Meðal annars, það var unnið með sjálfstæði barna og tilfinningar tjáningu.

Við erum öll stolt af því hvernig barnahópurinn hefur þroskast og ánægð með hvernig skólastarfið hefur gengið vel þennan vetur.





Kattholt árgangur 2019

29 börn

Umbótaþáttur/matsþáttur(t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	<i>Leikur að læra</i> <i>Lubbi finnur málbein</i> <i>Vináttuverkefnið Blær</i> Íþróttir Kattholtssáttmali/ hvatningarkerfi Leikhópar Þemavinna: útinám, tilfinningar, líkaminn Barnamenningarhátíð, útskrift. Samstarf á milli leik- og grunnskóla
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að foreldra verkefni í <i>Leikur að læra</i> sé fastur liður vikulega. Að allt starfsfólk kynni sér <i>Vináttuverkefni Blæs bangsa og Lubbi finnur málbein, Leikur að læra</i> og hafi þá kunnáttu sem þarf til að stýra kennslustundum í þeim verkefnum. Að hafa umsjónarmanneskju yfir Barni vikunnar verkefninu.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Passa þarf upp á að starfsfólk geti útvegað sér þá fræðslu sem þarf, í undirbúningi, á deildarfundum og með námskeiðum svo það geti skipulagt kennslustarfið í þeim verkefnum. Deila þarf betur umsjón með þessum verkefnum meðal starfsfólks á deildinni. Passa þarf jafnframt að einhver geti leyst af ábyrgðaðila svo að hægt sé að hafa verkefnin í gangi þó til forfalla komi.
Ábyrgð	Deildarstjóri (og verkefnastjóri) sjá til þess að deila ábyrgð verkefna á starfsfólkið, og að þau fái öll tíma til að kynna sér efnið og skipuleggja kennslu. Hver og einn ber svo ábyrgð á því að sitt verkefni sé framkvæmt og kennsla fari fram á þeim tímum sem eru settir upp samkvæmt stundatöflu (t.d. í hópastarfi).
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September-júní





Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Deildarfundir, skoða innra mat og hafa starfsáætlun sýnilega. Það verður lagt mat á í nóvember, febrúar og maí á sérstökum deildarfundum.
--	---

Leikur að læra og málörvun

Leikur að læra verkefnið fór mjög vel af stað hjá okkur á Kattholti í haust. Verkefnastjóri leikskólans hafði umsjón með því verkefni og var það á dagskrá tvisvar í viku hjá barnahópnum. Síðan þurfti verkefnastjóri að hverfa frá til að leysa af vegna langtímaveikinda annarsstaðar í húsi og færðist ábyrgð á LAL til deildarstjóra. Í heildina var barna- og foreldrahópurinn ánægður með LAL þennan vetur og niðurstöður úr HLJÓM-2 sýna að þau áhersluatriði sem unnið var með í LAL og málörvunarstundum stuðluðu að bættum árangri eftir áramót hjá barnahópnum.

Lubbi finnur málbein

Það var unnið með Lubba í hópastarfinu, samverustundum og föstudagstundunum í Hvassaleitisskóla. Á hverri viku var einn eða tveir málhljóðar teknir fram. Við sungum, skoðuðum bókina og gerðum mismunandi verkefni úti og inni tengd málhljóð vikunnar.

Vináttuverkefnið Blær

Í samverustundum kom Blær bangsi stundum í heimsókn. Plaggat úr ferðatöskunni voru rætt, sungin vináttulögin, farið í leiki og slökunaræfingar.

Íþróttir og hreyfing

Sem partur af samstarfsverkefni með Hvassaleitisskóla höfðum við afnot af íþróttasal skólans einu sinni í viku þennan vetur. Við vorum í samstarfi við Víking og vorum með þjálfara frá þeim út október. Þess á milli notuðum við sal leikskólans og útisvæði undir skipulagðar íþróttir og leiki. Mikil ánægja var meðal barnanna með íþróttastarfið okkar. Þessi hreyfing stuðlaði að betri líðan og auknum hreyfiproska hjá þeim.

Kattholtssáttmáli og hvatningarkerfi





Sem þáttur af barnalýðræði í skólastarfinu var gerður sáttmáli í byrjun hausts. Í sáttmálanum fólust þær reglur sem börnin sjálf kusu um að væru á deildinni. Börnin samþykktu og skrifuðu undir. Einnig var unnið með hvatningarkerfi fyrir deildina þar sem þau söfnuðu sér inn broskörlum fyrir æskilega hegðun (t.d. þegar þau fylgdu reglum sáttmálans í samverustundum) og völdu sér verðlaun. Sáttmálinn og kerfið stuðluðu að ábyrgðartilfinningu og samheldni hjá barnahópnum og hjálpuðust þau á að minna hvort annað á að fylgja reglunum.

Leikhópar

Eftir áramót skiptum við börnin upp í fjóra leikhópa. Í hópastarfi voru börnin í sínum leikhóp, þar sem starfsfólkið studdi þau í leik og samskiptum. Í mars skiptumst við börnin aftur í aðra leikhópa. Við tókum eftir að leikhóparnir skapaði ákveðna ró inni á deild, þar að auki byrjuðu börnin að leika sér með öðrum en þau voru vön.

Þemavinna

Í hópastarfi þennan vetur var unnið út frá þemu eftir áhugasviði barnanna. Kosið var í barnahópnum um viðfangsefni hverju sinni. Unnið var m.a. með mannlíkamann þar sem börnin fræddust um ýmislegt honum tengdum, tilfinningarnar og tilfinningastjórnun, náttúrufræði í útinámi (skordýralíf) og ýmislegt fleira.





6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

- Starfsþróunarviðtöl gengu bæði vel og illa. Þau sem fóru fram voru mjög fróðleg. En vegna stjórnendakrísu, gafst því miður ekki tími til að klára þau samtöl.
- Meðal þess sem við viljum fá fræðslu í á næsta skólaári er regnbogavottun fyrir starfsmenn og fræðslu um að setja börnum mörk

7 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvastutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans.

Samstarf milli Hvassaleitisskóla og Austurborgar hefur verið sterkt undanfarinn ár. Margar heimsóknir á milli og mikið samstarf. Einnig var farið af stað með K-pals á seinasta ári og stefnum við á að efla það á komandi ári.

8 Foreldrasamvinna

Samstarf með foreldrafélaginu gekk vel. Skipulagði viðburðir á þeirra vegum með okkur voru á sínum stað og skemmtilegheit í gangi. Efla má samstarf með foreldraráðinu sé óskað eftir því.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar veturinn 2025-2026 verða sex, tveir fyrir áramót og fjórir eftir áramót

Skipulagsdagar verða eftirfarandi:

5. september

15. október (sameiginlegur með Hvassaleitisskóla)

2. janúar

9. febrúar

17. mars (sameiginlegur með Hvassaleitisskóla)

24. apríl (sameiginlegur með Hvassaleitisskóla)





10 Fylgiskjöl

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning





Fylgiskjal

Starfsáætlun 2024 – 2025 Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Bylgja Rós Rúnarsdóttir
Anna Lind Pálsdóttir
Sunna Dís Ingibjargardóttir





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Foreldraráð Austurborgar hefur farið yfir starfsáætlun leikskólans fyrir árið 2025–2026.

Áætlunin er vel upp sett, skýr og metnaðarfull með markmiðum sem miða að því að efla leikskólastarfið enn frekar, auka ánægju barna, foreldra og starfsfólks, og styrkja skólasamfélagið.

Á liðnu skólaári urðu bæði starfsmannabreytingar og veikindi sem höfðu áhrif á mönnun og starf verkefnastjóra. Þrátt fyrir þessar áskoranir tókst leikskólanum að halda uppi fjölbreyttu og faglegu starfi. Starfsmannafélag Austurborgar hefur styrkt starfsandann með fjölbreyttum viðburðum sem efla samheldni og jákvæð samskipti. Þar má sérstaklega nefna námsferð starfsfólks til Alicante þar sem m.a. var farið á námskeið um tilfinningaþroska barna.

Foreldraráðið metur mikils þann góða anda sem ríkir í húsinu og er sannfært um að börnin njóti góðs af því í daglegu starfi.

Samstarf leikskólans við foreldrafélagið og foreldraráðið hefur verið gott, með möguleikum á frekari eflingu. Foreldraviðtöl eru áfram mikilvægur þáttur í upplýsingaflæði og samstarfi við foreldra og veita skýra og persónulega mynd af þroska og velferð hvers barns.

Áhersla leikskólans á verkefni Leikur að læra, málörvun, vináttuverkefni og skapandi starf er í samræmi við menntastefnu Reykjavíkur, sem leggur áherslu á leik og sköpun, málþroska, félagsfærni og jákvæða sjálfsmynd barna. Foreldraráðið fagnar því að skýr markmið og skipulag tryggi að þessi verkefni séu fastur hluti vikulegs starfs og stuðli að fjölbreyttri og innihaldsríkri náms- og leikreynslu barna.

Við fögnum einnig áframhaldandi samstarfi Austurborgar við Hvassaleitisskóla og frístundaheimilið Krakkakot, sem styður góða og jákvæða yfirfærslu elstu barnanna í grunnskóla.





Foreldraráð telur að starfsáætlunin gefi góða og skýra innsýn fyrir foreldra í starf leikskólans, markmið hans og framtíðaráherslur.

Virðingarfyllst,

Foreldraráð Austurborgar

Fulltrúar í foreldraráði:

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



